

Nd.

628. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 355 [Loftskeytanotkun].

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. (brtt. við 3. gr.).

a. Fyrir »loftskeytastöð« í upphafi fyrstu málsgreinar komi: landssímastöð.

b. 2. málsgrein orðist svo:

Á íslenskum loftskeytastöðvum og hverju íslensku veiðiskipi með loftskeytatækjum skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskípum með nákvæmri stund- og dagsetningu og i töluröð, svo sem ger verður ákveðið í reglugerð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem frekast er fært, öll innlend loftskeyti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskifti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjórninni frumrit allra þeirra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, er náðst hafa, en hún sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun. Í lok hvers árs skulu sömu aðiljar senda landssímastjórninni bækur þær, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár, en hún afhendir þær dómsmálaráðuneytinu. Sjávarútvegsnefndum Alþingis skal heimilt að rannsaka bækur þessar.

2. Við 3. (brtt. við 5. gr.). Fyrir »rjetti til að senda loftskeyti« í 2. málslíð komi: rjetti til loftskeytaskifta milli lands og veiðiskipa.